VARAHLUTIR OG ANNAÐ SEM ÞARF FYRIR BÍLINN

SMIÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

2. janúar...

Hún kom í fyrsta sinn til Vestfjarða fyrir liðlega sex árum. Ætlaði að gefa þessu þrjú ár, en þar kom síðan 2. janúar heldur betur við sögu. Núna býr hún ásamt eiginmanni og dóttur og fimm hænum í Dal dýranna og unir sér vel. Díana Jóhannsdóttir, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða, er í viðtali vikunnar.

— sjá bls. 8 og 9.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 21. maí 2015 · 20. tbl. · 32. árg. ·Ókeypis eintak

Vigur í Ísafjarðardjúpi.

EINFÖLD REIKNIVÉL Á eBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

EIMSKIP eBOX

FÍTON / SÍA

Lakari afkoma í Bolungarvík

Afkoma Bolungarvíkurkaupstaðar var lakari á síðasta ári en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða A og B hluta skilaði 6,3 milljóna króna afgangi en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 29,7 milljóna króna afgangi. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 2,7 milljónir króna eftir að dregið hefur verið frá 31,2 milljóna króna framlag A hluta til að greiða niður tap B-hluta fyrirtækja. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 73,5 milljónir króna.

Rekstrartekjur A og B hluta námu 868 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 941 milljóna króna tekjum. Rekstrartekjur A hluta námu 745 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 739 milljónum króna í rekstrartekjur. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,5% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,5% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2014 nam 308,6 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A-hluta 396,4 millj. króna.

Í árslok 2014 er skuldahlutfall samkvæmt reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga 124% í A-hluta og 165% í samanteknum hluta. Sé fjárfesting í nýju hjúkrunarheimili dregin frá er hlutfallið 133%. Skuldahlutfall má samkvæmt lögum ekki vera hærra en 150%. Laun og launtengd gjöld á árinu námu um 415 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 65 stöðugildum. Íbúafjöldi í Bolungarvíkurkaupstað 31. desember 2014 var 923 og fækkaði um 27 frá fyrra ári. *– smari@bb.is*

Frá vinstri: Anna Jakobína Hinriksdóttir, Matthildur Helgadóttur Jónudóttir, Hrafnhildur Hafberg, Steinunn Ragnarsdóttir, Guðrún Sigurbjört Eggertsdóttir, Sigríður Helgadóttir og Friðgerður Ómarsdóttir.

Íbúð í miðbæ Ísafjarðar til sölu

Til sölu er íbúð á 2. hæð í fasteigninni að Aðalstræti 24, Ísafirði. Um er að ræða 74m² íbúð sem var innréttuð í fasteigninni á árinu 1998. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, salerni, eldhús og geymslu. Laus til afhendingar. Eignin er á mjög góðum stað í miðbæ Ísafjarðar. Óskað er eftir tilboðum í eignina.

Allar nánari upplýsingar um eignina gefur Björn Jóhannesson, hrl. í síma 530 1800.

Lögsýn ehf.

Björn Jóhannesson, hrl.

Fimm ára sumaskap lokið

„Það er náttúrulega fullkomlega galið að sauma sér spariföt og vera fimm ár að því. En þetta hefur verið mjög lærdómsríkt og ég sé ekki eftir að hafa dembt mér út í þetta," segir Matthildur Helgadóttir Jónudóttir. Fyrir stuttu fagnaði hún ásamt stöllum sínum í Þjóðbúningafélagi Vestfjarða að vinnu við faldbúninga sem hófst fyrir fimm árum er lokið. Búningarnir voru vígðir með því að þær fóru í mat í Tjöruhúsið og verður það kallast viðeigandi vettvangur fyrir búninga sem rekja uppruna sinn til 18. aldarinnar.

Saumaskapurinn hefur farið fram undir leiðsögn Guðrúnar Hildar Rosenkjær. „Hún er mentorinn okkar og hefur rannsakað íslensku þjóðbúningana í mörg ár. Hún er ekki bara að kenna okkur saumaskapinn heldur fræðumst við mikið um söguna og hvað fólk var á fást við, þetta er jú menningararfurinn okkar," segir Matthildur.

Faldbúningar eru elstu þjóðbúningarnir og elstu teikningarnar eru frá 18. öld. Matthildur segir ómögulegt að átta sig á virði eins búnings. „Það fer eftir því hvað maður kaupir mikið silfur en ef vinnan er tekin inn í þetta þá er erfitt að átta sig á verðmætinu, en það er mikið." Þegar konurnar ákváðu að fara á námskeið hjá Guðrúnu Hildi þá vissu þær ekki að saumaskapurinn tæki fimm ár. „Þetta var sett upp sem þriggja ára námskeið en það var ýmislegt sem varð til að þetta dróst. Einn veturinn var í fimmgang ófært vestur og Guðrún Hildur komst ekki og það eyðilagði fyrir okkur heilan vetur. Eins og með önnur námskeið er ekki hægt að halda þetta á sumrin.

Þjóðbúningafélag Vestfjarða var stofnað 2006 og Matthildur segir að á annað hundrað búningar hafi verið saumaðir af félagsmönnum. *– smari@bb.is*

Quashie hættur með meistaraflokki

Enski knattspyrnumaðurinn Nigel Quashie spilar ekki með meistaraflokki BÍ/Bolungarvíkur í sumar. Hann hefur spilað með liðinu í tvö ár og í haust var hann ráðinn spilandi aðstoðarþjálfari meistaraflokks. Samúel Samúelsson, formaður stjórnar BÍ/Bolungarvíkur, segir að það hafi verið ákvörðun stjórnar að hann spili ekki meir. Hann mun heldur

ekki koma að þjálfun meistaraflokks og segir Samúel að hann sé alfarið hættur að starfa fyrir meistaraflokk. Hann mun áfram þjálfa yngri flokka félagsins.

Nigel Quashie er 36 ára gamall miðjumaður en hann lék á sínum tíma yfir 100 leiki í ensku úrvalsdeildinni með QPR, Portsmouth, Southampton, WBA og West Ham. *– smari@bb.is*

BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA | **FLUGFELAG.IS**

KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT
fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.350 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

FERÐATÍMABILIÐ ER FRÁ 18. MAÍ.–30. JÚNÍ
BÓKANLEGT FRÁ 18.–31. MAÍ 2015

Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD

- gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Egilsstaða
- gildir ekki í tengiflug
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

íslenska/sia.is FLU 72688 01/15

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Blásið til sóknar

Sú var í eina tíð staða Vestfirðinga , áður en stjórnvöld innleiddu geðþótta úthlutun aðgangs að auðlindum hafsins, ákváðu hverjir áttu að lifa, eins og einn þekktasti fyrri tíma stjórnmálamaður landsins orðaði það um fyrirgreiðsluúthlutanir, þegar leyfi stjórnvalda þurfti fyrir einu og öllu, voru þeir á meðal þeirra er mest lögðu í púkkið, frjálslega orðað um sameiginlegan sjóð landsmanna.

Mokiði snjó! er sagt að verið hafi svar stjórnvalda við beiðini sveitarstjórnar á landsbyggðinni um liðsinni í erfiðu atvinnuástandi, um miðbik síðustu aldar. Þá höfðu snjómoksturstæki ekki að neinu marki hafið innreið sina. Nú er erkibiskupsboðskapurinn: Grípið ferðamennina!

Og nú hafa Vestfirðingar, marg þreyttir á lítt efndum fyrirheitum hins opinbera, ákveðið að taka höndum saman og búa sig undir heimsóknir sífjölgandi ferðamanna, ekki síst erlendra, sem boðað hafa komu sína í sumar.

„Vestfirðingar leggja af stað í stórsókn," var fyrirsögn fréttar á bb.is fyrir skömmu. Þar voru kunngjörð þau ánægjulegu tíðindi að á vegum Markaðsstofu Vestfjarða, sveitarfélaga á Vestfjörðum og ferðaþjónustuaðila á svæðinu væri markaðsátak í uppsiglingu; þriggja ára verkefni, sem snýst um að vekja athygli á Vestfjörðum sem áfangastað ferðamanna. Enginn vafi er á að þar er að mörgu að hyggja þar sem Vestfirðir tróna meðal eftirtektarverðustu heimsóknarstaða á heimsvísu.

Bylting er vægt orðuð aukningin sem orðið hefur í heimsóknum erlendra skemmtiferðaskipa til Vestfjarða. Á engan er hallað þótt Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, sé nefndur til sögu. Kóngur vill sigla en byr hýtur að ráða, segir máltækið. Verði veðurguðirnir hliðhollir munu 50 til 60 skip staldra við í Ísafjarðarhöfn, allt fram í september. Farþegafjöldinn telur í tugum þúsunda. Á þessum tölum má sjá hve gífurlegt hagsmunamál er að vel takist til með móttöku gestanna.

Sjávarútvegur hefur lengst af verið helsta undirstaða byggðar á Vesfjörðum og verður vonandi um alla framtíð. Ljóst er þó, eins og sjá má af fyrirtækjum eins og 3xTechnology og Kerecis og stofnun eins og Háskólasetrinu, að tækifærin eru víða. Þá er fjöldi smárra fyrirtækja ekki síður mikilvægur. Líkt og BB hefur áður tjáð sig um verða bæjaryfirvöld að hlúa að hverjum og einum sprota sem festir rætur í vestfirsku atvinnulífi.

Veri allir velkomnir til Vestfjarða. *s.h.*

Spurning vikunnar

Hyggst þú flytja á milli landshluta á næstu mánuðum?

Alls svöruðu 456.
Já sögðu 71 eða 16%
Nei sögðu 351 eða 77%
Óvíst sögðu 34 eða 7%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Á toppi Kofrans. F.v. Eiríkur Ragnarsson, Svanfríður og Garðar Sigurgeirsson. Ljósmyndir: Barði Ingibjartsson.

Tvistaði á toppi Kofra

Áralangur draumur Svanfríðar Gísladóttur frá Grund í Súðavík, um að komast einu sinni upp á topp fjallsins Kofra í Álftafirði rættist sunnudaginn 10. maí með hjálp vaskra Súðvíkinga. „Ég hef marg oft farið upp á Sauratinda en mig langaði að fara upp á Kofrann til að fagna sjötugs afmælinu mínu. Þetta var orðið að þráhyggju hjá mér. Fyrir tveimur árum gekk það ekki, í fyrra var ég lasin en núna hringdi ég í Barða Ingibjartsson og hann setti allt í gang og draumurinn rættist núna," segir Svanfríður.

Farið var á vélsleðum upp úr Sauradal og fram að tindi Kofrans. „Svo báru þeir mig í sjúkrabörum síðasta spölinn. Þegar við vorum komin upp þá tvistaði ég við Eirík Ragnarsson til að sýna þeim hvernig ég tvista við göngugrindina á hverjum morgni, því lífið er ekki búið þó maður missi heilsuna. Maður verður að gera gott úr því sem maður hefur og setja ekki upp skeifu heldur vera jákvæður. Þegar við vorum komin niður þá sagði ég við Barða, á hvaða fjall förum við næst" segir Svanfríður. Hún sagðist nú vera klár í tindana sjö. – *smari@bb.is*

Hrjóstrugt er á tindi Kofrans.

Vestfirðir hefja stórsókn

Markaðsstofa Vestfjarða ásamt sveitarfélögunum á Vestfjörðum og ferðaþjónustuaðilum á svæðinu eru að fara af stað með stærsta markaðsátak sem sveitarfélögin hafa farið í. Vestfirðingar hafa aldrei verið þekktir fyrir að byrja smátt eða hafa hljótt og það á svo sannarlega við í þessu tilfelli enda er þetta þriggja ára verkefni sem snýr að því að vekja athygli á Vestfjörðum sem áfangastað ferðamanna.

Átakið sem um ræðir er persónustýrt markaðsátak þar sem áhorfandinn getur sett saman sína draumaferð um Vestfirði. Langar þig að slappa af í heitu pottunum í fjörunni á Drangsnesi, horfa fram af Látrarbjargi eða heimsækja tónlistasafnið Melódíur minninganna? Nú getur þú prófað þetta allt saman og meira til. Þeir sem setja saman og deila sinni draumaferð um Vestfirði á Facebook eru síðan komnir í pott og geta fengið sýna draumaferð uppfyllta. Slíkt er ekki hægt að gera án dyggrar aðstoðar frá frábærum samstarfsaðilum, en auk vestfirskra ferðaþjóna eru með okkur í verkefninu Icelandair, Flugfélag Íslands, Hertz, N1 og Síminn.

Verkefnið er unnið með framleiðslufyrirtækinu Tjarnargatan og hafa þeir eytt síðasta eina og hálfa árinu í undirbúning og tökur um alla Vestfirði. Strákarnir hjá Tjarnargötunni hafa gengið fjöll og firði, ferðast um 9.000 km í tengslum við þetta verkefni og tekið upp 10tb af efni. „Verkefnið er nú orðið aðgengilegt inn á vef Markaðsstofu Vestfjarða og hvetjum við alla til að hefjast handar og setja saman sína draumaferð," segir í tilkynningu frá Markaðsstofu Vestfjarða.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SPRENGIVIKA

í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

21.-25. MAÍ

Í Sprengiviku getur þú gert mögnuð kaup á vörum sem hjálpa þér að undirbúa þinn sælureit á ótrúlegu verði.

20% afsláttur

Af sumarblómum

Mlkið úrval af grillum og fylgihlutum

Broil King

Beef Eater
Serious Barbecues

OUTBACK

Gildir ekki af Weber

20% afsláttur

Af grillum og grillfylgihlutum

Gámasala á þvottavélum!

Takmarkað magn á 1200 og 1400 snúninga þvottavélum frá Electrolux

Electrolux

Þvottavél 1200 sn.

EWP 1274TDW
7 kg, 1200 snúninga
orkunýting A++
1808864

56.900 kr.

Fullt verð: 69.900 kr.

AUTHOR

20% afsláttur

Af reiðhjólum

BÍ/Bolungarvík og ÍR sameinast um kvennaboltann

Sameinaður meistaraflokkur BÍ/Bolungarvíkur og ÍR tekur þátt í 1. deild kvenna í sumar. Hulda Guðmundsdóttir, formaður meistaraflokks kvenna hjá BÍ/Bolungarvík segir að ekki hafi verið annað í stöðunni en að fara í samstarf við ÍR. „Það var annað hvort að hætta með meistaraflokk eða gera þetta og við vildum ekki hætta vegna stelpnanna sem eru að æfa hjá okkur," segir Hulda. Víða um land reynist erfitt að halda úti kvennabolta og nefnir Huld að Reykjavíkurliðin séu byrjuð að semeinast um kvennaboltann.

„Við sáum okkur ekki fært að fá til okkar sex erlenda leikmenn sem við hefðum þurft. Við reyndum að fá íslenska leikmenn en það vildi engin koma." Hópurinn verður tvískiptur. Hluti leikmanna býr og æfir á Ísafirði og hluti fyrir sunnan. „Þær fara svo suður og æfa og keppa og stelpurnar fyrir sunnan koma svo vestur og æfa með okkur þegar við eigum leiki á Ísafirði," segir Hulda.

Hún bætir við að rekstur meistaraflokks kvenna sé erfiður og úrelt kynjahlutverk grasseri í knattspyrnunni. „Við komum víðast að lokuðum dyrum með styrki. Tek sem dæmi að Landsbankinn ætlar að styrkja BÍ um eina milljón. Meistaraflokkur karla fær 750 þúsund krónur og við eigum að fá 150 þúsund eins og unglingastarfið og mér finnst þetta alveg fáránlegt," segir Hulda Guðmundsdóttir, formaður meistaraflokks kvenna.

– smari@bb.is

Skemmdarverk á Skarfaskeri

Það er gömul saga og ný skemmdarfýsn getur heltekið hluta samborgaranna. Fyrir stuttu gerði einhver sér að leik að kveikja í bekk sem var komið fyrir á Skarfaskeri þar sem heimamenn og ferðamenn hafa getað notið stórkostlegs útsýnis yfir Ísafjarðardjúp.

„Það er eins og það hafi verið troðið brettum milli bekksins og borðsins. Svo hafa þeir hellt yfir bensíni og kveikt í öllu saman og hent niður í fjöru og þessi bekkur er engin léttavara. Þeir hafa þurft að taka með sér brettin því það eru engin bretti þarna. Þegar ég kom út eftir á sunnudag þá hélt ég að bærinn hefði tekið bekkinn til að mála hann en svo sá ég hann ofan í fjörunni," segir Kristján Friðbjörnsson, íbúi í Hnífsdal.

Í þrjú ár hefur Kristján komið fyrir gestabók á Skarfaskeri og í þeim sést gjörla hversu vinsælt er njóta útsýnisins yfir Djúpið. „Ég fer með gestabók í sumarbyrjun og tek hana á haustin. Eitt sumarið fylltist hún alveg. Ég vissi ekki alveg hvað ég átti að gera við bækurnar sem hafa fyllst og fór til Heimis Hanssonar á Upplýsingaskrifstofu ferðamála á Ísafirði og hann hafði nú heldur betur áhuga á bókunum og tók saman fjölda og þjóðerni og það eru alls 30 þjóðerni í bókunum. Hann benti mér á að fara með þær á skjalasafnið þar sem þær eru núna," segir Kristján.

Hann segir að í bókunum hæli útlendingarnir útsýninu. „Sumir teikna í þær. Það er til dæmis ein teikning af togara á siglingu út Djúpið."

– smari@bb.is

Brunninn bekkurinn í fjörunni við Skarfasker.

Sunnuholt 4 Ísafirði

Til sölu er glæsilegt einbýlishús, Sunnuholt 4 í Holtahverfinu á Ísafirði. Húsið er byggt árið 1982 og er 260m² að flatarmáli. Þar af er tvöfaldur bílskúr sem er ca 60m². Húsið er á tveimur hæðum með fimm svefnherbergjum, þremur á efri hæð og tveimur á neðri hæð ásamt snyrtingu, þvottahúsi og gufubaði. Stór og góður sólpallur ásamt heitum potti. Fallegur og gróinn garður. Verð kr. 35 milljónir.

Upplýsingar gefur Ingimar Halldórsson í síma 456 3983 eða 892 2759.

Malbikið horfið og gatan tilbúin undir gröft.

Endurgerð síðari hluta hafin

Framkvæmdir eru hafnar við endurgerð hluta Hlíðarvegs á Ísafirði. Það er Gámaþjónusta Vestfjarða sem er með verkið en tilboð fyrirtækisins hljóðaði upp á 42,5 milljónir króna. Um síðari áfanga er að ræða sem er búið að bíða eftir í áratug. Síðari áfanginn nær frá Hallabrekku og út á Hlíðarvegsenda. Skipta þarf um lagnir í götunni og aðskilja niðurföll frá skólplögnum, auk þess sem endurnýja þarf allt yfirborð götunnar. Verkinu verður skipt upp í tvo hluta. Reiknað er með að hvor áfangi um sig taki um það bil þrjár vikur.

– smari@bb.is

ALLT FYRIR EURVISIONPARTÝIÐ!

1 LÍTRI
COCA COLA
~~259~~ / 23%
199 kr/stk

TILBOÐ VIKUNNAR

21. - 25. maí

ORKUDRYKKUR
BURN 0,5L
~~299~~ / 19%
299 kr/stk

DÖKKAR / LJÓSAR RÚSÍNUR
GÓU SÚKKULAÐI
~~459~~ / 13%
399 kr/stk

SALTED / SOUR CREAM
LAYS FLÖGUR
~~359~~ / 10%
323 kr/stk

COOL AMERICAN / NACHO
DORITOS FLÖGUR
~~249~~ / 12%
219 kr/stk

SMÁDRAUMUR / RÍSKUBBAR
FREYJUKASSAR
áður kr. ~~359~~
279 kr/stk

KIMs vörur

frábært úrval á góðu verði!

PAPRIKA 15X275GR
MAARUD FLÖGUR
~~709~~ / 10%
638 kr/stk

SALT-PIPAR 15X275GR
MAARUD FLÖGUR
~~725~~ / 10%
653 kr/stk

Samkaup úrval

www.Samkaupurval.is
Verð eru birt með fyrirvara um villur og eða myndavíxl.

markhönnun ehf

Í Hnífsdal með fimm hænur!

Liðlega sex ár eru frá því að Díana Jóhannsdóttir kom fyrst til Ísafjarðar og hafði reyndar ekki einu sinni komið til Vestfjarða fyrr. Hún ákvað þá að gefa sér þrjú ár til að prófa að búa hér fyrir vestan. Upp á dag þremur árum seinna var það formlega innsiglað á sérstæðan og skemmtilegan hátt, að hérna yrði hún áfram.

Díana er viðskiptafræðingur að mennt og hefur starfað hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga í fjögur ár, þar af tvö þau síðustu sem forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða. Áður en hún kom vestur flaug henni í hug hvort hún ætti að sækja um starf kaupfélagsstjóra á Hólmavík. Það fannst einhverjum fyndin hugdetta, eins og fram kemur hér á eftir.

Bæði Díana og Jón Kristinn Helgason eiginmaður hennar eru fædd og uppalin á Akureyri og þar átti hún heima þangað til hún fór í nám í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og fór svo í viðskiptafræði í Háskóla Íslands en var þar aðeins eitt ár.

„Ég samdi við Háskólann á Akureyri um að taka á móti mér, fór aftur heim og kláraði námið þar og vann með því námi.“

– Hvað varstu svo að fást við þangað til þú komst til Ísafjarðar?

„Þegar ég var útskrifuð frá Háskólanum vorum ég og þáverandi unnusti minn (núna eru bráðum fjögur ár síðan við giftum okkur) að vinna fyrir norðan hátt í eitt ár en fórum síðan í mastersnám í Portsmouth á suðurströnd Englands og vorum þar í nærri tvö ár. Ég kláraði það í lok árs 2008.“

Daglega milli Ísafjarðar og Hólmavíkur?

„Mitt mastersnám var aðeins lengra en hjá unnusta mínum, þannig að hann fór heim á undan mér og fékk vinnu á Snjóflóðasetri Veðurstofu Íslands á Ísafirði. Hann spurði hvort ég væri ekki tilbúin að prófa að búa á Ísafirði. Ég hafði reyndar aldrei komið á Vestfirði, en sagði bara: Júju, við getum alveg prófað þetta í þrjú ár. Svo þegar ég klára mitt nám, þá flyt ég hingað í byrjun árs 2009. Ég var reyndar ekki búin að fá vinnu þegar ég kom hingað, en ákvað bara að ég myndi finna eitthvað.

Áður en ég flutti sá ég að auglýst var kaupfélagsstjórastaða á Hólmavík og maðurinn minn skemmti sér vel þegar ég spurði hvort ég gæti ekki keyrt frá Ísafirði á hverjum morgni. Ég þekkti nú ekki alveg nógu vel til áður en ég kom! En svo fékk ég vinnu hjá utanríkisráðuneytinu á Þýðingamiðstöðinni hérna á Ísafirði og var þar í tvö ár áður en ég byrjaði að vinna hjá Fjórðungssambandinu fyrir fjórum árum.“

Síðan lengdist þetta tímabundna

„Þar var ég í alls konar byggðaþróunarverkefnum. Síðan urðu ákveðnar breytingar í stoðkerfinu hérna á Vestfjörðum og ákveðið var að Markaðsstofa Vestfjarða og Menningarráð Vestfjarða myndu sameinast Fjórðungssambandinu. Gústaf Gústafsson sem hafði verið með Markaðsstofuna hætti og þá stóðum við uppi með það að enginn var að sinna því verkefni. Þess vegna var ákveðið að ég myndi fara í það tímabundið.

Síðan lengdist bara þetta tímabundna og ákveðið var að ég myndi taka alveg að mér þetta starf og sinna því áfram. Núna er ég búin að vera í því í tvö ár.“

Vinnur í þágu allra sveitarfélaganna níu

– Hvað felst í þessu starfi?

„Þetta er mjög fjölbreytt. Það snýr að markaðssetningu Vestfjarða allra sem áfangastaðar fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem erlenda. Við höfum ákveðið sameiningarhlutverk fyrir landshlutann, sinnum öllum sveitarfélögunum níu á Vestfjörðum og erum í almennu kynningarstarfi fyrir þau.

Við höldum úti heimasíðu og erum á samfélagsmiðlum þar sem hægt er að finna upplýsingar um Vestfirði. Við gefum út bæklinga og kort og erum á sýningum og kynningum. Líka tökum við á móti erlendum fjölmiðlamönnum og förum með þá um svæðið. Í stuttu máli er þetta almenn kynning og markaðssetning á Vestfjörðum.“

Njóta þess að búa í Dal dýranna

Díana og fjölskylda hennar eiga heima að Hreggnasa 2 í Hnífsdal. Reyndar eru víst ekki nema tvö hús við þá götu, ef götu skyldi kalla. Jón Kristinn eiginmaður Díönu er skriðusérfræðingur hjá Snjóflóðasetrinu. Þau eiga þriggja ára stelpu, bráðum þriggja og hálfs, sem heitir Amelía Jónsdóttir, fædd á Þorláksmessu 2011.

„Við búum á Árbakka í Dal dýranna, alveg við ána, og njótum þess.“

Elsti hluti hússins þar sem Díana og fjölskylda hennar eiga heima mun vera frá því laust fyrir 1900 eða kominn dálítið á annað hundrað aldursára.

– Er þetta hús með sál, eins og stundum er sagt um gömul hús?

„Já, svo sannarlega, og það fer óskaplega vel um okkur í þessu húsi. Við ætluðum reyndar aldrei að fara út í Hnífsdal, en þegar stelpan okkar fæddist var leiguhúsnæðið þar sem við bjuggum frekar óhentugt, þannig að við fórum að leita. Það er nú ekki auðvelt að fá leiguíbúðir hérna, en svo duttum við niður á þetta hús, og það fer alveg yndislega vel um okkur.“

Landnámshænurnar verpa vel

„Við erum með fimm hænur í garðinum. Leigusalinn okkar átti þessar hænur en gaf dóttur okkar þær, og hún hleypur þarna í kringum þær.“

– Og verpa þær sæmilega?

„Jájá, það er alveg ótrúlegt, sérstaklega yfir sumarið, en það hægir verulega á þeim yfir veturinn. Við þurfum lítið að kaupa egg á sumrin.

Ef þú hefðir spurt fjölskyldu mína og vini fyrir kannski sex árum hvar ég myndi lenda, þá hefði enginn svarað, alls enginn: Í Hnífsdal með fimm hænur! Það er alveg á kristaltæru. Þegar ég var krakki var ég alltaf pínuhrædd við dýr, það átti ekki alveg við mig, og mér fannst sveit frekar púkó! Vinir mínir hlæja enn þegar ég sýni þeim myndir af hænunum.“

– Eru þetta kannski landnámshænur?

„Já, íslenskar!“

– Eruð þið með eitthvað fleira skemmtilegt og gagnlegt í garðinum, líkt og ýmsir Hnífsdælingar eru þekktir fyrir?

„Ekki nema smávegis kryddjurtir í matinn. Garðurinn liggur eiginlega út að túninu. Þetta er meira ævintýraland en ræktunarland. Erum reyndar með smá kartöflugarð.“

Yndislegt að finna þetta koma aftur

– Hver eru helstu áhugamálin hjá ykkur í tómstundum?

„Ég er náttúrlega fædd og uppalin á Akureyri og var alltaf á skíðum sem barn. Svo átti ég ekki skíði mjög lengi, en síðan ákváðum við í vetur að stelpan okkar skyldi fá skíði í jólagjöf. Þá þurftu auðvitað allir í fjölskyldunni að vera með, og við fórum aftur að stunda skíði.

Þó að veturinn í vetur hafi nú kannski ekki leyft marga daga, þá var þetta samt óskaplega gaman eftir að hafa tekið sér svona langa pásu. Ég kunni alltaf vel að meta það að renna mér hratt niður brekkurnar. Það var yndislegt að finna þetta koma aftur.“

Óvenjulegu dagarnir á skrifstofunni

Þetta viðtal við Díönu var tekið eldsnemma að morgni fyrir síðustu helgi. Þá dagana var hún einmitt að fylgja erlendum ferðablaðamönnum um svæðið, annars vegar frá National Geographic og hins vegar frá finnskum miðlum, og kynna fyrir þeim sitthvað af því ótalmarga sem heillar útlenda ferðamenn ekki síður en innlenda og jafnvel enn frekar.

„Dagarnir þegar við erum að fylgja erlendum blaðamönnum eru extra skemmtilegir hjá okkur. Þá er oft búinn að fara mjög langur tími í það að setja upp dagskrá, bæði hjá okkur og Íslandsstofu, sem við vinnum mikið með. Svo riðlast sú dagskrá ekki svo sjaldan, hvort heldur er vegna veðurs eða einhverra annarra aðstæðna. Þess vegna þarf maður að vera á tánum og vera með varaplan og varavaraplan.“

Daginn áður en við ræddum saman fór Díana með blaðamönnunum í bátaferðir, bæði á rib-bát (hörðum slöngubát) um Ísafjarðardjúp þar sem meðal annars komu hvalir við sögu, og á stærri bát inn í Jökulfirði.

„Svo erum við að fara í svolitla hestaferð með honum Wouter á Þingeyri á eftir,“ segir hún.

„Þetta eru óvenjulegu dagarnir á skrifstofunni! Það eru svolítil verðlaun þegar maður er búinn að standa í því lengi að undirbúa svona ferðir, að fá að fylgja þessu fólki, sem er yfirleitt að koma hingað í fyrsta skipti, og sjá það upplifa það sem við erum að selja.“

Muggi er heldur betur Guðmundur!

Blaðamennirnir sem hér um ræðir komu í tengslum við herferðina nýju sem Íslandsstofa er að leggja af stað með og nefnist *Ask Guðmundur*. Í staðinn fyrir að gúgla svör við spurningum er hugmyndin að spyrja mannlega leitarvél – að spyrja hann Guðmund.

„Það er einn slíkur Guðmundur í hverjum landshluta. Við vorum svo heppin, að Muggi hafnarstjóri hérna á Ísafirði *[Guðmundur M. Kristjánsson]* var tilbúinn að vera okkar Guðmundur. Muggi er eins og flestir vita manna hressastur. Hann er heldur betur Guðmundur!

Við náðum að tengja inn í þetta núna og hittum Mugga og blaðamennirnir fengu að spyrja hann spjörunum úr og forvitnast bæði um hann sjálfan og þetta nýja verkefni Íslandsstofu. Þessir blaðamenn komu hingað fyrst og fremst í tengslum við það.

Ferðamannatímabilið þarf að vera lengra

– Er eitthvað um blaðamannaheimsóknir af þessu tagi yfir veturinn?

„Það er kannski lítið um svona stærri blaðamannaferðir yfir veturinn þar sem við fylgjum þeim, en við fáum orðið töluvert af fyrirspurnum á veturna, og það er þá mikið tengt fjallaskíðunum. Þá eru að koma kannski einntveir blaðamenn sem fyrirtæki eins og Borea Adventures og Aurora Arktika eru að taka á móti og eru mikið að fara með inn í Jökulfirðina á skíði. Það eru helst þeir sem eru að koma yfir hávetur.“

– Hvenær verður komið að því að Vestfirðir verða ofsetnir ferðamönnum?

„Það er afskaplega erfitt að meta það. Okkar háannatími á hverju ári er mjög stuttur. Það sem við þurfum að horfa á, og

það sem Markaðsstofan horfir helst til, er ekki að kynna hásumar, heldur að kynna vor og haust. Það sem við þurfum er að lengja okkar tímabil.

Það getur verið mikið að gera þessar sex vikur á sumrin. En til þess að greinin nái að þróast betur á Vestfjörðum, þá þurfum við að hafa lengra tímabil. Þannig fáum við arðsemi og annað út úr því sem búið er að fjárfesta í. Eitt helsta áhersluatriðið hjá Markaðsstofunni er einmitt að vera ekki að tala endilega um júní, júlí og ágúst, heldur að horfa á apríl-maí og september-október."

Milljón manns í kyrrðinni á Hornströndum?

– Langt er síðan farið var að gera út á dásemdir Hornstranda með þeim formerkjum að þar væri hægt að ganga í marga daga í algerri kyrrð án þess að sjá nokkurn mann nema ferðafélagana. Þetta bæri að nýta til að laða ferðamenn á svæðið og jafnvel mætti ef vel gengi í markaðssetningu fá hundruð þúsunda og jafnvel milljón manns á hverju ári þegar fram liðu stundir. Er ekki dálítil þversögn í þessu?

„Svo sannarlega. En reyndar er núna ákveðin stýring inn á Hornstrandir, því að það er takmarkaður fjöldi af ferðaþjónum sem er að selja þangað. En einmitt þetta, að þarna er kyrrð og ró, að þú getur verið einn einhvers staðar, er það sem við erum samt að kynna og selja. Það hljómar auðvitað mjög einkennilega að vera að segja rosamörgum frá því að þeir geti komið hingað og verið einir!"

Svolítið ævintýraþyrstir blaðamenn

– Lýstu nánar svona blaðamannaheimsóknum, lýstu til dæmis heimsókn þessara blaðamanna núna.

„Flestar þessar heimsóknir erlendra blaðamanna eru gegnum Íslandsstofu, og við vinnum með henni að því að setja upp einhverjar ferðir. Við hjá Markaðsstofu Vestfjarða vinnum út frá ákveðnum þemum hjá okkur og síðan reynum við að spinna þar inn í það sem gæti helst verið áhugavert fyrir þessa tilteknu blaðamenn.

Þeir sem eru hjá okkur núna eru kannski dálítið ævintýraþyrstir, og þess vegna ákváðum við að vinna með eitt þema sem við erum með, en það eru ævintýri tengd sjónum. Við reynum oft að tengja saman ævintýri sem gerast kringum sjóinn og sögunni á Vestfjörðum sem tengist sjósókn með einhverjum hætti.

Núna fórum við að morgni til með Sigga Ómars á hraðskreiðum rib-bát um Ísafjarðardjúp, kíktum í kaffi í Vigur, og fórum svo og eltum hvali. Það voru að minnsta kosti fimm hvalir að snúast í kringum okkur, það var mjög skemmtilegt. Svo reynum við nú alltaf að tengja allan góða matinn okkar við þessar ferðir. Það var gaman að fara með þessa blaðamenn í Tjöruhúsið og líka í fisk á hótelinu, sem var alveg frábær."

Nálægt því að klessa á hval

„Síðan ákváðum við að fara í aðra bátsferð seinnipartinn og fara inn í Kvíar í Jökulfjörðum með Bjarnanesinu, farþegabáti Borea Adventures.

Í þeirri ferð vorum við nærri búin að klessa á hval, það mátti ekki tæpara standa. Við fórum og heimsóttum eyðibýlið í Kvíum, sem Borea Adventures eru að gera upp til að hafa sem miðstöð fyrir sínar ferðir á þessu svæði, bæði gönguferðir og fjallaskíðaferðir. Eða eins og við sögðum: Við ætlum bara að kíkja yfir í Kvíar í kaffi, en við vildum gefa blaðamönnunum svolitla innsýn í þessa starfsemi þar.

Og líka varðandi annað þema sem við vinnum með, kyrrðina og það að vera aleinn einhvers staðar. Þú upplifir það einmitt mjög sterkt í Kvíum þegar þú sérð ekkert nema náttúruna í kringum þig, fyrir utan þetta eina hús.

En það er með þessar blaðamannaferðir eins og annað, maður þarf að hafa varaplan og varavaraplan, eins og ég sagði. Og ekki verra að hafa þriðja varaplanið einhvers staðar í vasanum þegar eitthvað gerir strik í reikninginn."

2. janúar

Skemmtileg örsaga í lokin:

„Þegar við vorum búin að ákveða að koma hingað vestur fór maðurinn minn á undan og var búinn að vera hér í tvo-þrjá mánuði. Ég kom til landsins rétt fyrir jólin og við eyddum jólunum og áramótunum hjá móður minni í Reykjavík.

Síðan keyrðum við til Ísafjarðar 2. janúar 2009. Einhvers staðar komum við að skilti sem á stóð: Malbik endar. Ég leit alvörugefin á manninn minn og spurði hvasst: Vissir þú þetta? Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að það væri ekki malbikað alla leið.

Eins og ég nefndi, þá hafði ég ákveðið að gefa þessu þrjú ár. Og akkúrat upp á dag þremur árum eftir að ég kom fyrst til Ísafjarðar, 2. janúar 2012, þá fljúgum við frá Reykjavík til Ísafjarðar með nýfædda dóttur okkar. Þriggja ára planið mitt var útrunnið einmitt daginn þegar við komum með hana.

Þar með var ljóst að það plan færi bara upp í hillu."

– Hlynur Þór Magnússon.

Græn vika í Ísafjarðarbæ

Í samvinnu við íbúa, skóla og fyrirtæki stendur Ísafjarðarbær fyrir svokallaðri „grænni viku“ í bæjarfélaginu sem hefst á morgun, 22. maí og stendur til 29. maí. Markmiðið með framtakinu er að gera Ísafjarðarbæ að enn fallegri og skemmtilegri bæ þar sem fegurð og snyrtimennska verða í fyrirrúmi, íbúum bæjarins til sóma. Grunnskólar og leikskólar verða virkjaðir til þátttöku ásamt öðrum stofnunum Ísafjarðarbæjar. Einnig er þátttaka almennings og fyrirtækja mikilvæg þar sem allir leggjast á eitt þessa viku við að fegra umhverfið og hafa gaman af fallegum bæ. Hugmyndin er að íbúar sjálfir skipuleggi tiltekt og uppákomur í sínu hverfi og fyrirtæki taki til við sitt nánasta umhverfi.

Veitingahús eru hvött til að hafa sérstök tilboð í tilefni „grænu vikunnar“ og verslanir beðnar um að leggja sitt af mörkum með tilboðum í anda átaksins. Hafnir Ísafjarðarbæjar taka þátt í verkefninu og sérstakt átak verður til að gera hafnir bæjarins snyrtilegar fyrir sumarið. Miklar væntingar eru um gott ferðasumar hér í bænum og mikilvægt að vel sé tekið á móti ferðafólki. Samtakamáttur okkar allra er nauðsynlegur til að ná sem bestum árangri og mikilvægt að hafa gaman af um leið. Tilvalið er að standa fyrir útigrilli í hverfum að loknu góðu dagsverki þar sem glaðst er saman yfir góðum árangri.

ÍSAFJARÐARBÆR

FRÁVEITUÚTRÁS Á ÞINGEYRI

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Fráveituútrás á Þingeyri.“ Um er að ræða 58 metra, PE250 fráveituútrás úr landi og út í sjó. Á 10 metra kafla liggur lögnin í skurði, 36 metra í steyptum stokk og 12 metra er lögnin sett í festur.

Helstu stærðir eru:

Pípur	58 m
Steyptur stokkur	36 m
Festur	7 stk.

Verkið skal vera að fullu lokið 1. nóvember 2015. Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3000 hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 15. maí 2015. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbær í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 16. júní 2015, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Full fjármögnun verði tryggð

„Við tökum undir með þeim sem lýst hafa áhyggjum sínum og erum að leggja okkur fram um að ná fullri fjármögnun þessa mikilvæga málaflokks,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, um hallarekstur sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar við rekstur málefna fatlaðra. Rætt var við Halldór í Morgunblaðinu. Rekstur málaflokks fatlaðra er víða erfiður og hefur komið fram í BB að á þessu ári vanti nú þegar 30 milljónir í rekstur í Ísafjarðarbæ og óttast bæjaryfirvöld að hallinn á þessu ári verði 80 milljónir króna.

Þegar sveitarfélögin tóku við málaflokknum af ríkinu 2011 var útsvar hækkað um 1,2% og tekjuskattur lækkaður samsvarandi. Síðar var bætt við 0,04%. Sveitarfélögin hafa kvartað undan því að ríkið hafi gert auknar kröfur, eftir að yfirfærslan var ákveðin, sem kallað hafi á útgjöld umfram það sem gert var ráð fyrir. Í samningunum er ákvæði um úttekt á faglegum og fjárhagslegum þáttum yfirfærslunnar. Sú vinna stendur yfir og takast fulltrúar ríkis og sveitarfé- laga á um efnið. Átti henni að ljúka fyrir lok apríl. Það tókst ekki en Halldór segir stefnt að því að ljúka verkinu fyrir lok maí. Enn er verið að safna saman og vinna úr fjárhagsupplýsingum sveitarfélaganna vegna ársins 2014. „Þegar niðurstaða liggur fyrir förum við á fund fjármálaráðherra og ríkisstjórnar til að tryggja að málaflokkurinn verði að fullu fjármagnaður,“ segir Halldór.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur gefið það út að ef ekki næst ásættanleg niðurstaða verði að horfa til þess að skila málaflokknum aftur til ríkisins og hafa sveitarfélögin sem standa að Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðra tekið undir það. Halldór segist vona að til þess þurfi ekki að koma.

– smari@bb.is

Verkfalli á Vestfjörðum frestað

Finnbogi Sveinbjörnsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga hefur komið fram með skynsamlegt útspil, að fresta tveggja daga verkfalli, sem hefjast átti síðasta þriðjudag. Þess í stað hefur því verið mörkuð byrjun næsta fimmtudag, eftir rétta viku. Einnig hefur allsherjarverkfalli verið frestað frá 26. maí til 6. júní næstkomandi. Ummæli Finnboga þess efnis að rétt sé að nýta tækifærið til þess að reyna til þrautar að ná samningum á vinnumarkaði eru skynsamleg og örugglega í þágu umbjóðenda hans. En því miður er útlitið svart, reyndar kolsvart. Ummæli forystumanns Samtaka atvinnulífsins þess efnis að verkföll séu betri kostur en vondir samningar verða tæpast skilin á annan veg en þann, að þeim megin verði ekki látið undan kröfum verkfallsboðenda vegna afleiðinga þess að gengið verði að þeim. Er þá einkum vísað til þess að slíkt væri ávísun á verulega aukna verðbólgu með tilheyrandi auknum kostnaði allra sem skulda vegna íbúðarhúsnæðis og þess sem tilheyrir lífi almennings á Íslandi.

Auðskiljanlegt er að fólk vilji hærri laun. Allir vilja auka lífsgæði sín og þar undir falla hærri laun, sem venjulega bæta kjör viðkomandi. En væri ekki hollt að líta til baka og rifja upp ríksisstjórnarár Gunnars Thoroddsen, sem var forsætisráðherra vinstri stjórnar frá því í febrúar 1980 til maí 1983 og lét af völdum fyrir 32 árum. Verðbólga stjórnarár þessarar vinstri ríkisstjórnar var allt að 86% á ársgrunni og síðasta þriggja mánaða verðbólgutímabil hennar náði verðbólgan 130,6% á ársgrunni. En verkalýðshreyfingin gladdist yfir 17% sjálfvirkri launahækkun eftir eitt þriggja mánaða tímabilið og skipti þá engu þótt verðbólgan á sama tímabili hefði verið nærri tvöfalt hærri. Launin hækkuðu reglulega og verðbólgan líka og kjörin versnuðu stöðugt án þess að forystumenn verkalýðsins ætlu eða skræmtu. Mörg ár tók að vinna samfélagið upp úr þessari vonlausu stöðu. Það tókst með þjóðarsáttarsamningum árið 1990, sem þóttu og þykja enn mikið afrek bæði á stjórnmálasviðinu og einnig á vinnumarkaði. Einar Oddur Kristjánsson heitinn var þá í forsvari fyrir samtök vinnuveitenda og átti ríkan þátt í þjóðarsáttinni.

Vill almennningur endurtaka hörmungar ríkisstjórnarára Gunnars Thoroddsen? Því verður ekki með góðu móti trúað enda leiða víxlverkanir „óhóflegra“ launahækkana og verðbólgu til mikilla efnahagslegra ófara með ömurlegu afleiðingum fyrir alla, ekki síst launafólk. Ömurlegt er að hugsa til afleiðinga verkfalla fyrir alla. Fyrir utan það að viðskiptalíf hefur að hluta til stöðvast vegna ómöguleika þinglýsinga 2/3 hluta þjóðarinnar eru sjúklingar settir í biðsal dauðans sumir hverjir. Vonandi er það ekki kæti sem lesa má út úr ummælum Finnboga um víðtækasta verkfall í manna minnum.

Finnbogi líkt og aðrir verkalýðsleiðtogar kunna ásamt forsvarsmönnum atvinnulifsins að vera skrifa upphafskaflann að niðurleið Íslendinga, því miður.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAFÆÐI

1398 kr. kg

KJARNAFÆÐI ÍSLENSKT HEIÐALAMB
Lambalæri, ferskt - kryddað m.ísl. jurtum

1598 kr. kg.

ALI **Hamborgarhryggur úrb.**

98 kr. 5 stk

BÓNUS **Finim flatkökur**

498 kr. pk

BÓNUS **Hangiálegg** 170g
(2929 kr.kg)

KJARNAFÆÐI

1998 kr. kg

KF.**Hangiframpartur, kofareyktur og úrbeinaður**

2798 kr. kg

KF. **Hangilæri, kofareykt og úrbeinað**

198 kr. 237g

BÓNUS **Samlokuskinka** 237g

198 kr. 1.5 ltr.

198 kr. 170g

Doritos snakk 4 teg. 170g

1398 kr. 500g

Fersk **bláber** 500g

398 kr. 550ml

Bónus **rjómi** 550ml

698 kr. 2 ltr.

KJÖRÍS **Mjúkís 2 ltr.**

169 kr. 200g

RITZ kex 200g

159 kr. 250g

OLW **Saltstangir** 250g

69 330ml

AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS HVÍTASUNNUHELGIN 2015
24. maí hvítasunnudagur
LOKAÐ
25.maí annar í hvítasunnu
OPIÐ 11:00-18:30

239 kr. 175g

VOGA **Ídýfur:** krydd-sweet chili-laukur- paprika

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu **Gilda til a.m.k. 25.maí**

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Stríða enn við áfallastreitu

Ríflega sextán prósent þeirra sem bjuggu á Flateyri og í Súðavík þegar snjóflóðin féllu fyrir 20 árum stríða enn við áfallastreitu. Þetta kemur fram í nýrri doktorsrannsókn. Lýðheilsusérfræðingur segir að ábyrgð yfirvalda sé mikil, mikilvægt sé að fólki standi til boða meðferð eftir hamfarir.Eftir heimsókn fréttastofu RÚV til Súðavíkur í vetur, þegar þess var minnst að tuttugu ár voru frá snjóflóðunum, kom fram að Súðvíkingar ættu enn um sárt að binda þótt 20 ár væru liðin frá því snjóflóðið féll. Ein af þeim sem rætt var við sagði að hún myndi þiggja áfallahjálp núna ef hún stæði henni til boða.

Rannsókn Eddu Bjarkar Þórðardóttur, doktorsnema í lýðheilsuvísindum, sýnir að fleiri gætu þegið hjálp því 16 prósent þeirra sem bjuggu á Flateyri og Súðavík þegar snjóflóðin féllu stríða enn við áfallastreitu. „Ábyrgð yfirvalda er mjög mikil eftir hamfarir að mínu mati og fólki þarf að standa til boða meðferð við sálrænum vanda og hún þarf ekki bara að vera til staðar á landinu heldur þarf hún að vera aðgengileg og þarf líka að vera á viðráðanlegu verði," segir Edda Björk í samtali við fréttaastofu RÚV. „Þetta er í rauninni ekki mín skoðun heldur er þetta bæði í lögum Sameinuðu þjóðanna og í lögum hérlendis um réttindi íbúa."

Edda er að leggja lokahönd á doktorsritgerð sína. Hún segir að til séu sérfræðingar þess sviði hér á landi en því miður standi þjónusta þeirra ekki til boða á heilsugæslum. Aðspurð hvort stjórnvöld hafi staðið sig á þessu sviði segir Edda að alltaf sé hægt að gera betur og hún vonast til að yfirvöld nýti rannsóknina til að bæta þjónustu við þolendur hamfara. *– smari@bb.is*

Fjölskylda, vinir og allir þeir sem hafa lagt okkur lið.

Innilegar þakkir fyrir ómetanlegan styrk og auðsýndan hlýhug vegna veikinda og andláts ástkærs eiginmanns míns, Þóris Þrastarsonar. Sérstakar þakkir til allra þeirra sem styrktu okkur og sinntu Þóri af alúð í veikindum hans. Samkennd og stuðningur ykkar er dýrmætur á þessum erfiðu tímum.
Guð blessi ykkur.

Ragnheiður H. Davíðson.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Ólafs S. Vilhjálmssonar
bónda og hefilstjóra
Hlíf 1, Ísafirði

Guð blessi ykkur öll.

Sigrún Þ. Ágústsdóttir	Guðjón Andersen
Vilhjálmur Ólafsson	
Kristján Ólafsson	Hulda V. Steinarsdóttir
Guðbjartur B. Ólafsson	Line K. Jenssen
Sesselja A. Ólafsdóttir	Jón P. Einarsson
Ólafur H. Ólafsson	Ása R. Halldórsdóttir
Þórey M. Ólafsdóttir	Þórður E. Sigurvinsson
Lilja D. Ólafsdóttir	Sæmundur B. Guðmundsson
Nína D. Ólafsdóttir	Magnús Salvarsson

afabörn og langafabörn.

Starfsmenn í laxeldi

Vegna aukinna umsvifa vantar starfsmann í fóðurstöð fyrirtækisins á Patreksfirði nú þegar.

Helstu verkefni eru fóðrun, skráning í Farm Control-kerfið og yfirborðseftirlit á sjókvíum. Reynsla úr fiskeldi og/eða fiskeldismenntun er kostur. Þarf að geta hafið störf nú þegar.

Einnig vantar starfsmann á lyftara frá og með ágúst n.k. Viðkomandi þarf að vera vanur og með lyftararéttindi.

Möguleiki er á því að útvega húsnæði á staðnum. Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá til starfsmannastjóra, **kristin@fjardalax.is.**
Umsóknarfrestur er til 26. maí 2015.

Fjarðalax er að hefja eldi á 6. kynslóð af laxi í Patreksfirði. Hjá Fjarðalaxi starfa tæplega 60 starfsmenn úr ýmsum starfsstéttum sem sameiginlega koma að því að rækta náttúruvottaðan lax.

FJARÐALAX

S: 599 6900
info@fjardalax.is
www.arcticsalmon.is

Birgir Örn framlengir við KFÍ

Birgir Örn Birgisson, þjálfari meistaraflokks karla hjá KFÍ, hefur framlengt samning sinn við félagið. Birgir Örn kom til starfa hjá félaginu fyrir tímabilið 2013-2014 og hefur því sitt þriðja tímabil með meistaraflokk karla í haust. Birgis bíður krefjandi og spennandi verkefni að byggja ofan á síðasta tímabil en þá fengu margir ungir og óreyndir leikmenn tækifæri til að láta til sín taka í meistaraflokki og verður spennandi að sjá hvernig Birgi og strákunum tekst að byggja ofan á þá reynslu á komandi tímabili.

Birgir Örn hóf feril sinn í körfuknattleik í Bolungarvík en lék einnig með Þór á Akureyri og síðar Keflavík þar sem hann hampaði tveimur Íslandsmeistaratitlum auk þess að leika með landsliði Íslands. Áður en Birgir fluttist aftur vestur starfaði hann sem körfuknattleiksþjálfari um árabil í Þýskalandi við góðan orðstýr. Þess má svo geta að Birgir dustaði rykið af körfuboltaskónum síðasta tímabili með KFÍ.

Tilnefningar til bæjarlistamanns

Atvinnu- og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilnefningum til bæjarlistamanns Ísafjarðarbæjar 2015. Listamenn sem búið hafa í Ísafjarðarbæ um tveggja ára skeið hið minnsta koma til greina. Þegar tilnefningar eru metnar skal tekið mið af þeim viðurkenningum sem listamanninum hefur hlotnast og útbreiðslu verka hans.

Einnig skal litið til þess hverjir teljast efnilegir á sínu sviði og er þá nafnbótin jafnframt hvatning til viðkomandi, að halda áfram störfum sínum á sviði listarinnar. Tekið verður við tilnefningum til og með 26. maí.

Helgi Björns tekur upp nýja plötu

Tónlistarmaðurinn og Ísfirðingurinn Helgi Björnsson vinnur um þessar mundir að nýrri sólóplötu með frumsömdu efni. Meðleikarar hans á plötunni eru ekki af verri endanum. Guðmundur Óskar Guðmundsson úr Hjaltalín plokkar bassann, Magnús Trygvason Elias lemur húðirnar, Tómas Jónsson leikur á píanó og hljómborð og Örn Eldjárn leikur á gítar. Helgi segir í samtali við Fréttablaðið að lögin á plötunni séu Holy-B-tónlist.

Platan verður öll á íslensku og er væntanleg með haustinu. Helgi ætlar þó að frumflytja eitthvað af nýja efninu á tónlistarhátíðinni Secret Solstice sem fer fram í júní.

Lausafé til sölu

Til sölu er lausafé úr þrotabúi EagleTrack ehf., m.a. U-laga landborð, 6+4+6 metrar með innbyggðri kæligeymslu, 24 borðstofustólar, Indesit fimm hellu gaseldavél með ofni, Sharp myndvarpi, hitablásari, hljómtæki og sjö málverk. Ásett verð kr. 200.000.- Áskilið er að gert sé tilboð í alla munina og kaupandi annist töku þeirra úr Salthúsinu á Þingeyri undir umsjón starfsmanna Ísafjarðarbæjar.

Myndir af öllum lausamunum er hægt að sjá á vef Fasteignasölu Vestfjarða ehf. Hafnarstræti 19, Ísafirði, netfang: eignir@fsv.is, sem gefur nánari upplýsingar í síma 456 3244 ásamt Tryggva Guðmundssyni hdl. á sama stað, sími 440 7942, netf. tryggvig@pacta.is.

Hundur þjálfaður til að finna húsasvepp

Í viðtali við Hermann Þorsteinsson á Ísafirði er að prófa sig áfram með að þjálfa hund til að finna húsasvepp, myglusveppinn illræmda. Engir slíkir hundar eru eða hafa verið til hér á landi. Hundurinn er í eigu Auðar Björnsdóttur, en bæði hafa þau áratuga reynslu af þjálfun og notkun björgunarhunda. Þannig tóku Hermann og hundurinn Mikki þátt í björgunarstörfum eftir snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri fyrir tveimur áratugum. Frá þessu greinir Hermann í viðtalið við Bæjarins besta.

Hermann Þorsteinsson.

Eins og fram kemur í viðtalinu seldi Hermann þriðjungshlut sinn í Vestfirskum verktökum ehf. fyrir tæpum tveimur árum. Þegar hann er spurður hvað hann hafi helst farið fást við í staðinn segir hann: „Ég var að vinna að ýmsum verkefnum, bæði sem iðnaðarmaður og líka hef ég verið að auka þekkingu mína á sviði heilsuhúsa með tilliti til loftunar, raka og myglusvepps í húsum, eða húsasvepps. Meðal annars hef ég sótt námskeið hjá Húsum og heilsu, fyrirtæki sem sérhæfir sig í skoðun og rannsóknum á húsnæði með tilliti til raka og þeirra lífvera sem vaxa við þær aðstæður. Svo nýtist auðvitað líka reynsla iðnaðarmannsins varðandi það hvernig hús eru uppbyggð.“

Aðspurður hvort þjálfun hundsins til að finna húsasvepp sé langt á veg komin segir Hermann í viðtalinu: „Nei, það má segja að hún sé bara á byrjunarstigi. Við höfum verið að fikra okkur áfram. Þannig hundar eru ekki til hér á landi, en þeir eru víða til í Evrópu. Þetta er svolítið ný hugsun, nýjar pælingar, þó að hundaþjálfun gangi í grunninn út á það sama.“

Hafrannsóknastofnunin

Rannsóknamaður Ísafirði

Hafrannsóknastofnun auglýsir lausa til umsóknar stöðu rannsóknamanns hjá útibúi stofnunarinnar á Ísafirði. Starfið felst í fjölbreyttri vinnu við sýnatöku, öflun og úrvinnslu gagna og þátttöku í rannsóknaleiðöngrum á sjó.

Menntunar- og hæfniskröfur:

· Æskilegt er að umsækjendur hafi BS-próf í líffræði eða sambærilega menntun og reynslu

· Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi

· Leitað er eftir einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur góða samskipta- og skipulagshæfileika og áhuga á málefnum sjávarútvegsins.

Starfsmaður mun hefja störf í ágúst/september. Um er að ræða fullt starf og eru laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda sendist fyrir 10. júní á póstfangið *hafro@hafro.is*. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjalti Karlsson (hjalti@hafro.is) útibúinu á Ísafirði (sími; 575 2300).

Hafrannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 140-150 starfsmenn í þjónustu sinni.

Jákvæð afkoma

Ársreikningur Súðavíkurhrepps var tekinn til fyrri umræðu í sveitarstjórn í síðustu viku. Rekstur sveitarfélagsins var jákvæður á síðasta ári og í samræmi við áætlanir. Þó liggur fyrir að reksturinn er viðkvæmur og áfram er mikilvægt að viðhalda ráðdeild og aga í fjármálum sveitarfélagsins. Rekstrartekjur sveitarfélagsins, A og B hluta, námu 249 milljónum króna. Rekstrargjöld A og B hluta voru samtals 227 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða A og B hluta fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 5 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta, að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var jákvæð um 2,4 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2014 nam 520 milljónum króna en eigið fé A hluta var 527 milljónir króna.

Í bókun sveitarstjórnar segir að góður árangur hafi náðst í rekstri sveitarfélagsins undanfarin ár og er 2014 engin undantekning. „Með aðhaldi og aga í fjármálum sveitarfélagsins hefur náðst að treysta rekstur hreppsins og gera hann betur í stakk búinn undir framtíðina. Á síðasta ári var sveitarfélagið rekið með hagnaði og hækkaði handbært fé frá rekstri verulega, en það gerir sveitarfélagið betur í stakk búið til að standa undir framkvæmdum í framtíðinni. Það er afar mikilvægt að áfram sé vel haldið á fjármálum sveitarfélagsins og styrkja fjárhagslega getu þess til að standa undir uppbyggingu til framtíðar,“ segir í bókun sveitarstjórnar.

– smari@bb.is

Sælkerar vikunnar eru Unnur Sigfúsdóttir og Ragnar Gunnarsson í Reykjavík

Núðlusúpa

Við ætlum að bjóða upp á uppskrift af hálfgerðri naglasúpu. Það tekur í mesta lagi klukkustund að útbúa hana og hún er bæði bragðgóð og saðsöm. Hægt er að nota frosna kjúklingabita í súpuna og afgangs grænmeti. Það er því yfirleitt einfalt að skella í þessa súpu þó óvænta gesti beri að garði.

Núðlusúpa

6 bitar lærakjöt af kjúklingi (eða 3 bringubitar)
3 selleristilkar
3 gulrætur (nokkuð stórar)
1 laukur
púrrulaukur (ca. 5 cm bútur)
1 búnt vorlaukur
1 lítri kjúklingasoð
1-2 tsk Thailensk fiskisósa
Chilipipar (magn að eigin vali)
1 tsk rifið turmeric
1 msk rifið engifer
4-5 rif hvítlaukur
salt og pipar
Hrísgrjónanúðlur eða hveitinúðlur

Sjóða lærakjötið í ca. 1 lítra af vatni í 10 mínútur, salta og pipra eftir smekk. Fjarlægja froðuna sem myndast við suðu. Færa kjötið upp og kæla það aðeins, skera í passlega bita. Saxa sellerí, gulrætur, lauk, púrrulauk og helming vorlauksins í smáa bita. Kjötinu og grænmetinu bætt út í soðpottinn. Einum lítra af kjúklingasoði bætt við (ég kaupi yfirleitt soð í fernum). Hvítlaukur, turmerik og engifer rifið smátt á rifjárni og bætt út í súpuna. Suðan látin koma upp og fiskisósunni hellt út í. Það gýs upp frekar vond lykt af þessari sósu en hún gefur einkar gott bragð og mér finnst hún ómissandi í súpuna. Chili pipar bætt út í ef maður á annað borð vill hafa hann með. Ef súpan er ætluð börnum er sennilega betra að sleppa því að setja hann í.

Núðlurnar soðnar eftir leiðbeiningum á pakkanum. Síaðar og kældar undir rennandi vatni. Best er að hver og einn setji núðlur í sína skál því núðlurnar bólgna út ef þær liggja lengi í súpunni. Gott að hafa frjálst val um að setja niðurklipptan, hráan vorlauk, rifinn ost og/eða parmesan ost í súpuna. Láta bara hugmyndaflugið ráða með þessa hálfgerðu nagla-núðlusúpu.

Verði ykkur að góðu.



Við skorum á vini okkar og frændfólk í Grindavík, Dýrfirðingana Sólborgu og Reyni að vera sælkerar næstu viku.

HRING IÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sportið í beinni...

Laugardagur 23. maí
kl. 16:00 Barcelona - Deportivo
kl. 18:00 Real Madrid - Getafe
Sunnudagur 24. maí
kl. 14:00 Crystal P - Swansea
kl. 14:00 Newcastle - West Ham
kl. 14:00 Everton - Tottenham
kl. 14:00 Chelsea - Sunderl.
kl. 14:00 Hull - Man. Utd
kl. 14:00 Leicester - QPR
kl. 14:00 Stoke - Liverpool
kl. 14:00 Man. City - Southpt.
kl. 14:00 Aston V - Burnley
kl. 14:00 Arsenal - WBA
Þriðjudagur 26. maí
kl. 19:30 Stjarnan - FH

Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

21. maí 1979: Bifreiðaeigendur þeyttu flautur bifreiða sinna í tvær mínútur til að mótmæla miklum hækkunum á bensíni hérlendis.
22. maí 1982: Sjálfstæðisflokkurinn endurheimti meirihluta sinn í borgarstjórn Reykjavíkur en flokkurinn hafði misst hann 4 árum áður.
23. maí 1908: Sjaldgæfur fiskur, stóra brosma, veiddist í fyrsta sinn við Ísland, í Jökuldjúpi. Hann fékkst á færi í 110 metra dýpi.
24. maí 1941: Hood, stærsta herskip heims, sem hafði farið frá Hvalfirði nokkrum dögum áður, sökk um 250 sjómílur vestur af Reykjanesi eftir orrustu við þýska herskipið Bismarck. Með Hood fórust 1418 Bretar en þremur var bjargað og voru þeir fluttir til Reykjavíkur. Bismarck var sökkt vestur af Bretlandi þremur dögum síðar.
25. maí 1987: Jarðskjálfti, 5,8 stig, varð í Vatnafjöllum, suður af Heklu. Þetta var mesti skjálfti á Suðurlandi síðan 1912.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Hæg norðanátt í fyrstu með rigningu og jafnvel slyddu til fjalla norðantil. Hiti 1-5 stig. Vaxandi SA átt um kvöldið.

Horfur á laugardag:
Suðvestan og vestan 5-10 m/s með skúrum víða um land. Hiti 5-10 stig.

Horfur á sunnudag:
Útlit fyrir norðvestan átt, 3-10 m/s og skýjuðu veðri. Hiti um 5-10 stig, hlýjast syðra.

Krossgátan

	KROTI	HÆKKA	TIGNA	RÓMVERSK TALA	KÆNU	TVEIR EINS	SJÚK-DÓMUR
HNAUS							
JÁRN-SKEMMD				TÍMABILS / ÚTDRÁTTUR			
STÖÐVUN						VAFI	
BAND					EKKI / KAUP-BÆTIR		
ÁTT / GERAST			RANGL / TÝNA				DREIFA
DUNKUR		FJALLA-SKARÐ / SVIF				VÍTA	
KEPPNI	FLANA / VAG						
HÓLMI				SÆGUR / TEMUR			
KNÆPA	GARÐI / RANGALI				BÓK-STAFUR / VEIÐI		
MARG-NUGGA		STEIN-TEGUND / BRAGUR					BEISKJA
RÓMVERSK TALA			MJÖG / MÁNUÐUR				
LOFT-TEGUND	AÐALS-TITILL / TRÖLLA					LAMPI	
FYRIR HÖND				ANGAN / FUGL			
FÁLM	INNYFLA / TVEIR EINS				KRINGUM / VÖRU-MERKI		
YNDIS		TUNGU-MÁL					
BLÓMI		KÚNST					

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá1983

Lausn á síðustu krossgátu

				SMJAÐRA	ÞEKKING	SÓT		TVEIR EINS	LÆSAST	RÖLT
				REIKA	H	V	A	R	F	L	A
				STÍGANDI	R	I	S	AUR / DÁÐ	F	O	R
				UNG-DÓMUR	Æ	S	K	A	LISTA-MAÐUR / BÝSN	K	K
				ÚTVEGA	S	K	A	F	F	A	HAND-FESTAN
	↓	GAGN	UM-HVERFIS	ÁTT / ANDI	N	A	AFGANGUR / ÓLÆTI	R	E	S	T
ÞUSA	R	A	U	S	A	NEFNAST / SAKKA	H	E	I	T	A
ÚTMÁ	A	F	M	Á	GLJÁHÚÐ / BEINN	L	A	K	K	ÁGÆTIS	K
Í RÖÐ	M	N	BJARTUR / SVALL	L	J	Ó	S	ANDMÆLI / GÁÐU	N	E	I
SÆGUR	M	O	R	MEGIN-EINKENNI / VOG	A	Đ	A	L	TVEIR EINS / FÝLDUR	Đ	Đ
VINNA	S	T	A	R	F	TRÖLLA / KK NAFN	R	I	S	A	INNIHALD
	K	BAK / FLÓNSKUR	L	E	N	D	MUNNUR / KRÚSI-DÚLLUR	T	Ú	L	I
VEIÐI	A	F	L	I	BRODDUR / SAMSTÆÐA	Ú	F	U	R	TÓNN	N
BÓK-STAFUR	K	Á	TOGVINDA / ANGRA	S	P	I	L	ALDUR	ÓNEFNDUR / SKIL	N	N
ÞJÁNINGA	K	V	A	L	A	LAG-FÆRING	Ú	R	B	Ó	T
STUNDIR	T	Í	M	A	R	ESPA	R	E	I	T	A
	FJANDI	S	A	T	A	N	ÚTUNGUN	K	L	A	K

Sudoku þrautir

3				9	2	5		7
5	9							
4		1		5				
	7				8	4	9	3
			7		5		6	
				1	9		7	5
6				3			4	
	5		8	7		9	3	
	1	3					5	

8	1				5	4		
		7	9					6
2	6		7	8			9	1
	4		3			6		2
9		6					1	5
3	2		6	7	1			8
		2			8	7	5	
7		3	4	2		1	8	
4			5			2		

Ísafjarðarprestakall · Ísafjarðarprófastsdæmi

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Ísafjarðarsóknar verður haldinn í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju miðvikudaginn 27. maí kl. 20.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffi og meðlæti. Fólk er hvatt til að mæta.

Sóknarnefndin.

350 þúsund í menningarstyrki

Fjórar umsóknir bárust um menningarstyrki hjá Bolungarvíkurkaupstað sem í ár nam 350 þúsund krónum. Gospelkór Vestfjarða fékk 50 þúsund krónur til að halda vortónleika, Stapadrangur ehf. fékk 100 þúsund krónur til gerðar heimildamyndar um leikjanámskeið Benna Sig og Heilsubæjarins, Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir fékk 100 þúsund krónur fyrir verkefni sem kallast „Mannlíf Bolungarvíkur í gegnum árin“ og Guðrún Stella Gissurardóttir fékk 100 þúsund vegna Þuríðardagsins 2015.

Komu færandi hendi til HVest

Sextán barnabörn Róslaugar heitinnar Agnarsdóttur sem lést í síðasta mánuði, hafa fært legudeildum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða veglega peningagjöf til minningar um Róslaugu. Gjöfinni verður varið til að bæta aðstæður mikið veikra sjúklinga á legudeildunum.

Á vef stofnunarinnar segir að það sé mjög mikilvægt fyrir starfsmenn að finna að störf þeirra skipti máli í lífi samborgarana. Þar segir einnig að frændsystkinin eigi ekki langt að sækja gott hjartalag því afi þeirra og eiginmaður Róslaugar, Sigurður Ólafsson, hafi í gegnum tíðina oft komið að stórum gjöfum til sjúkrahússins.

Þjónustuauglýsingar



Fáðu baðherbergið sent heim

- tilboð á heimsendingum út á land í maí

Hámarksverð fyrir heimsendingar
út á land, sama hve mikið er pantað,
er aðeins 6.000,-
þú borgar mögulega minna, en aldrei meira

Verslaðu á vefnum okkar **www.IKEA.is**

50.900,-

GODMORGON vaskaskápur með tveimur skúffum og BRÅVIKEN handlaug
B80×D47, H68cm. Hvítt

© Inter IKEA Systems B.V. 2015

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®